



Minjastofnun
Íslands

FUNDARGERÐ

Fundarefni : 10. fundur Minjaráðs Reykjavíkur og nágrennis.

Fundartími: 8. mars 2023 kl. 10:00.

Fundarstaður: Hjálmarstofa, Sjóminjasafn Reykjavíkur

Fundarmenn:

F.h. Safnaráðs: Guðbrandur Benediktsson (aðalmaður), Finnur Ingimarsson (varamaður).

F.h. Sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu: Auður Dagný Kristinsdóttir (aðalmaður).

F.h. Minjastofnunar: Jakob Jakobsson (varamaður), Magnús Guðmundsson (aðalmaður), Hrefna Sigríður Bjarmarsdóttir (varamaður) og Henny Hafsteinsdóttir minjavörður.

Fundarritari: Guðbrandur Benediktsson

Dreifing:

Umræður:

- Rætt um fundarefni og staðsetningu næstu funda. Ýmsar hugmyndir viðraðar, svo sem miðbær Reykjavíkur (Landnámssýningin, Aðalstræti 10 og Víkurgarður), Blikastaðaland (kynning á nýju deiliskipulagi og fornleifarannsókn í tengslum við það), Brautarholt Kjalarnesi (kynning á fornleifarannsókn) og Múlahverfi (vettvangsferð og umræður um stöðu og framtíð hverfisins m.t.t. áform um þéttingu byggðar).
- Henny upplýsir um útgáfu á nýrri stefnu Minjastofnunar 2022–2027 um verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi. Skjal verður sent með fundargerð.
- Umræður um hlutverk og viðfangsefni minjaráðsins, Henny rifjar upp hvað segir í starfsreglunum.
- Umræður um hinar ýmsu breytingar í umhverfi minjavörslunnar og safnastarfs, svo sem breytt stofnaskipulag Umhverfis- orku- og loftlagsráðuneytisins þar sem áætlanir eru um að Minjastofnun verði hluti af nýrri og stærri stofnun. Einnig rætt um sameiningu sviða hjá Reykjavíkurborg, framtíð Borgarskjalasafns - o.fl.
- Minjaráðið er sammála um að stóra málið sé hvað verður um byggingararfinn og alla umsýslu er varðar húsvernd og stefnumótun á því sviði og eftirfylgni við hana. Breytt staða Minjastofnunar Íslands og hlutverk minjaráða er í mikilli óvissu. Minjaráðið hefur áhyggjur af því hver framtíðin verður en óljós útkoma úr boðuðum breytingum í stofnanaumhverfi minjaverndar skapar óvissu. Rætt um að leggja drög að ályktun sem ráðið getur samþykkt ásamt öðrum minjaráðum landsins sem kallar eftir skýrri sýn stjórnvalda í minjavernd.

Næsti fundur verður miðvikudaginn 7. júní 2023 kl. 10:00. Staðsetning og dagskrá kynnt síðar.

Fundi slitið kl. 12:00.